

Reglur um útgáfu Skaftfellings

Skaftfellingur, þættir úr sögu Austur-Skaftafellssýslu, er fræði og upplýsingarit um sögu og mannlíf í Austur- Skaftafellsýslu og er vettvangur fyrir ritað mál í sýslunni um hvaðeina, er til fróðleiks og skemmtunar má teljast. Ritið skal vera gefið út annað hvert ár, árið sem lendir á sléttri tölu.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar er umsjónaraðili yfir ritnefnd og skipar í ritnefnd á tveggja ára fresti þegar unnið er að nýrri útgáfu Skaftfellings, atvinnu og menningarmálanefnd staðfestir ritnefnd hverju sinni. Ritnefnd er skipuð þremur aðilum ásamt ritstjóra sem er jafnframt ábyrgðamaður, ritstjóri skal vera starfsmaður Menningarmiðstöðvar hverju sinni.

Ritnefnd vinnur að útgáfu ritsins og fundar reglulega og fær greitt samkvæmt 8. gr. samþykktu um kjör fulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Hlutverk ritnefndar Skaftfellings er að leita eftir og velja efni til birtingar í ritinu og tryggja að kröfum um gæði og framsetningu efnis sé fylgt.

Handrit og greinar sem berast ritnefnd skulu ritrýnd af a.m.k. tveimur aðilum úr ritnefnd. Þeir geta gert athugasemdir og ábendingar um úrbætur sem höfundar eru beðnir um að taka afstöðu til og lagfæra eftir þörfum áður en efnið fæst að endingu samþykkt til birtingar.

Ritrýni er ætluð til að tryggja fræðilegar kröfur og/eða gæta að orðalagi við útgáfu ritsins. Sama á við um myndir sem eru birtar í ritinu, gæta skal að höfundarétti og geta þeirra sem á myndunum eru og skal vinnsla þeirra vera í samræmi við persónuverndarlög nr. 90/2018.

Miða skal við að framsetning efnis sé í samræmi við reglur sem gilda um fræðirit og nota skal APA kerfið við framsetningu efnisins, þegar unnið er að heimildaskrá, tilvísanir í texta, töflur og myndir, kaflafyrirsagnir og lengd beinna tilvitnanna.

Ritnefnd skal vinna í samræmi við samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Hornafjarðar og færa fundargerðir í fundargerðarbók og fundargerð skal lögð fyrir atvinnu- og menningarmálanefnd.